



Tækniupplýsingar

HEAVY DUTY WOOD VARNISH

INNILAKK

VÖRULÝSING

Polyvine Heavy Duty Wood Varnish er grimmsterkt, fljótharðnandi, hágæða viðarlakk með hálfmattri eða almattri áferð, sem eftir þornun myndar kristalglæra filmu fyrir álagsfleti. Viðarlakkið er byggt á vatnsþynntri, krosstengdri pólýúreþan samfjölliðu (cross-linked polyurethane) ásamt yfirborðsvirkum efnum og vaxi fyrir aukna rispúvörn.

Polyvine Heavy Duty Wood Varnish er kjörið á: Viðarfleti, svo sem borð, bókahillur, stóla, eldhússkápa, vinnuborð og víðar þar sem óskað er eftir sérlega hörðu glæru lakki með mikið þol gegn hita, vatni, efnavörum og núningi. Hálfmatta útgáfan af lakkinu hefur enn meira efnaþol en sú almatta og gefur eftir 16 klst. þurrktíma mikið álags- og núningsþol sem hentar víða, t.d. á heimilum, hótelum og veitingahúsum. Einnig hentar hálfmatta útgáfan betur á svartbæsaðan við því almatta lakkið dregur aðeins úr litdýptinni í svörtu. Annars er almatta lakkið einstakt, það mattasta á markaðinum; Garner gljástigsmælikvarðiinn mælir nær engan gljáa í því.

UNDIRBÚNINGUR UNDIRLAGS

Undirlag ætti að vera slétt, hreint og laust við öll aðskotaefni svo sem olíu, feiti og óhreinindi. Terpentína, rauðsprit eða mild sápulausn eru heppileg hreinsiefni. Varist að nota of basíska/alkalíska sápu, því þá er hætt við að viðurinn gulni og/eða dökkni. Sápuvatn ætti að skola vandlega af yfirborði með hreinu vatni og láta síðan þorna. Sé vatn notað á ómeðhöndlaðan við, ýfist yfirborðið. Því þarf að slípa það með sandpappír og ryksuga að því loknu.

Ef óskað er eftir styrkingu með Polyvine Heavy Duty Wood Varnish á máluðum fleti (á ekki við um olíumálaðan / olíuborinn flöt) er nauðsynlegt að hreinsa hann fyrst með Nordsjö Málartvätt og/eða klappa yfir með filtrottu eða mjög fingerðum sandpappír. Prófið fyrirfram.

LÖKKUN

Hrærið rólega upp í dósinni (ekki hrista). Polyvine Heavy Duty Wood Varnish má bera á með pensli eða sprauta í 2-3 umferðum (rúllun eykur hættu á bólumyndun og ójafnri áferð). Í vissum aðstæðum er betra að þynna lakkið um 3-5% með vatni, t.d. ef rakastig er lágt og viður ídrægur. Mjúkvið (t.d. fura og greni) ætti að strjúka létt með fínum sandpappír milli umferða ef yfirborð ýfist við lökkunina. Hreinsið slípiryk af fletinum með rökum klút. Tryggið að ekki myndist færsluskil með því að ljúka alveg við einn afmarkaðan flöt í einu, t.d. er góð regla að lakka 1-3 borð endilöng áður en byrjað er á þeim næstu.

Biðtími milli umferða er a.m.k. 2 klst. og full harka næst eftir aðeins 16 klst. Lægra hitastig lengir þurrktíma. Aukið þol gegn blettum fæst með að bera á 2 umferðir af hálfmöttu og síðan eina með almöttu.

Athugið: Gerið ávallt prófun áður en vinna hefst. Endanlegt útlit er háð lit, viðartegund í undirlagi og fjölda umferða.

ÞEKJA

Á bilinu 10-20 m² á lítra í einni umferð.

HREINSUN ÁHALDA

Áhöld má hreinsa með sápu og vatni á meðan lakkið er blautt. Þurrkið slettur af flötum með rökum klút. Þorni lakkið, næst það ekki af nema með málningarleysi.

EIGINLEIKAR LAKKS

Þurrktími:	30-60 mín við 20°C Lágt hitastig/hátt rakastig lengir þurrktíma
Tími milli umferða:	1- 2 klst við 20°C
Hörðunartími:	16 klst að jafnaði
Þurr filma:	Hálfmött: Gljástig 20-25% á Garner60°
Þurr filma:	Almött: Gljástig <1% á Garner60°
Gulnun:	Nei
Efnaþol:	Vatn, te, kaffi, alkóhól (hálfmatt lakk), hreinsiefni, vot og heit eldunaráhöld

UMBÚÐASTÆRÐIR

100 ml og 500 ml

GEYMSLA

Geymið í óopnuðum umbúðum á köldum, þurrum stað. Hlífið gegn beinu sólarljósi.

Þær upplýsingar sem gefnar eru hér að ofan eru réttar samkvæmt okkar bestu vitneskju. Þar sem við getum ekki haft stjórn á aðstæðum og vinnulagi á hverjum stað, getum við ekki ábyrgst árangur. Notendum er ráðlagt að kanna með prófunum fyrir notkun, hvort varan hentar þeirra þörfum.

Útgáfa: Janúar 2019



SÉREFNI

Síðumúla 22, 108 Reykjavík og Dalvegi 32b, 201 Kópavogi | Sími 5170404 | www.serefni.is